

Stjórnarfundur UMSE númer 710 haldinn á Búgarð fimmtudaginn 14. júní klukkan 20:00

Mættir eru: Óskar Þór, Þorsteinn, Kristlaug, Einar, Kristín, Guðrún, Edda Kamilla, Svanbjört

Boðuð forföll: Þorgerður

Óskar setti fundinn.

1. 50 ára afmæli hestamannafélagsins Hrings og tilnefningar til þeirra til heiðursviðurkenningar UMSE.
UMSE fékk formlegt boð í afmælisveislu hjá þeim og vildu þeir hjá hestamannafélaginu Hring tilnefna þrjá einstaklinga til heiðursmerkis UMSE og þrjá einstaklinga til gullmerkis UMSE.
 - Guðrún Rut Hreiðarsdóttir - heiðursmerki
 - Sveinbjörn Hjörleifsson - heiðursmerki
 - Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir - heiðursmerki
 - Þorsteinn Hólm Stefánsson - gullmerki
 - Steinar Steingrímsson - gullmerki
 - Sigurður Marinósson – gullmerki
 - Hilmar Daníelsson – gullmerkiEdda Kamilla ætlar að mæta sem fulltrúi UMSE í afmælinu.
 - Svanbjört mætti á fundinn.
2. Greining á kostnaði frjálsíþróttastarfs á vegum UMSE
Þess var óskað á þinginu að gerð yrði greining á kostnaði vegna frjálsíþróttastarfs UMSE og var greiningin lögð fram á fundinum. Fyrir árið 2010 voru tekjurnar meir en gjöldin en fyrir árið 2011 var kostnaður meir en tekjurnar.
3. Fjárhagslegar forsendur samnings við UFA um afreksþjálfun frjálsíþróttaiðkenda UMSE
Þorsteinn lagði fram drög að samning milli UMSE og UFA og lagði einnig fram fjárhagslegar forsendur fyrir því.
4. Innend bréf
Heiðar Thorleifsson sækir um styrk til þess að sækja fjarnám á annars stigs þjálfaranámskeið ÍSÍ. Samþykkt að styrkja hann um 18.000.- kr.
5. Litur á bolum
Valið stendur á milli þess að hafa bláan bol eða rauðan bol. Ákveðið að hafa bolinn rauðann, Þorsteinn ætlar að athuga hvort að hann geti fengið einhversstaðar styrk til bolakaupa.
6. Önnur mál.
 - Á sínum tíma var upplag af bókinni „Vormenn Íslands“ keypt og hefur legið hér á lager, ákveðið var að senda öllum aðildarfélögum eitt eintak.
 - Þorsteinn sagði frá því að UMSE fékk styrk frá Íþróttanefnd ríkisins að upphæð 200.000.- kr

Næsti fundur ákveðinn 3. júlí 2012 klukkan 20:00

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður